

Próf í verðbréfavíðskiptum A-hluti

Viðskiptabréfareglur (60%)

Veðréttindi (25%)

Þinglýsingar (15%)

Laugardagur 25. ágúst 2001 kl. 9:00-13:00

Leyfileg hjálpargögn:

Í A-hluta er eingöngu leyfilegt að hafa lög og reglugerðir.

Það er leyfilegt að hafa lög útprentuð af Netinu.

Prófið er í þremur hlutum.

*Vinsamlegast skilið hverjum hluta á sér próförk,
gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri.*

Munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

1. Viðskiptabréfareglur (60%)

a) (15%)

Lýsið muninum á meginreglunni um framsal almennra krafna og meginreglunni um framsal viðskiptabréfakrafna og hver rökin eru fyrir sérreglum um viðskiptabréf.

b) Raunhæft verkefni (25%)

Jón Jónsson keypti bifreið af Páli Pálssyni og greiddi með með skuldabréfi að fjárhæð kr. 1.000.000,00. Jón kærði sig ekki um að skuldabréfið "færi á flakk" eins og hann orðaði það og varð þá að samkomulagi að rita á skuldabréfið eftirfarandi texta: "Óheimilt er að framselja skuldabréf þetta nema til banka." Vegna galla í hinni seldu bifreið varð að samkomulagi með Jóni og Páli að Páll veitti honum afslátt af kaupverði kr. tvöhundruð þúsund sem kæmi til lækkunar á hinu útgefna skuldabréfi. Gaf Páll út sérstaka afsláttarviðurkenningu þess efnis, en láðist að rita hana á skuldabréfið sjálft, enda minnislaus með afbrigðum. Páll átti sjötugsafmæli skömmu síðar og skemmti sér aðeins of vel, sem varð til þess að hann lagðist banaleguna og dó.

Ekkja hans, Sigríður, sem fékk bréfið í arf, vissi ekkert um viðskipti Páls og Jóns. Þegar reikningur að fjárhæð kr. 1.000.000,00 barst frá Bobba Murtens, sítarleikara, fyrir skemmtun í afmælinu fræga, bauðst hún til að borga með skuldabréfinu sem hún fann í bókhaldi eiginmannsins heitins. Bobbi þáði það. Vissu þau ekkert um afslátt né tóku eftir framsalsbanninu sem ritað var á bréfið, enda bæði verulega lesblind.

Þegar Jón fékk fyrsta innheimtuseðil skuldabréfs að fjárhæð kr. 1.000.000,00 í eigu Bobba Murtens brást hann ekki vel við, þar sem hann átti von á að Páll eða banki væri kröfuhafi og því að höfuðstóll skuldarinnar væri kr. 200.000,00 lægri. Neitaði Jón að greiða af bréfinu nema sem svarar 800.000,00 kr. skuld. Bobbi var ósáttur, enda grandlaus um afsláttinn og fól þegar í stað lögfræðingi sínum skuldabréfið til innheimtu. Lögfræðingur Bobba höfðaði almennt einkamál gegn Jóni, í nafni Bobba Murtens. Bréfið var framselt nafnframsali.

Gerið grein fyrir fyrir þeim mótbárum sem Jón hefði getað haft uppi gagnvart öllum kröfuhöfum, Páli, Sigríði og Bobba.

Hverju myndi það breyta ef Sigríður hefði framselt bréfið til banka en ekki Bobba Murtens ?

Rökstyðjið hvern lið eins vel og ykkur er unnt.

c) (10%)

(setja inn mynd af víxli)

Þú ert löglærður fulltrúi Hrapps Vestmanns hrl. sem hefur fengið ofangreindan víxil til innheimtu í dag, 25. ágúst 2001. Hann felur þér að skoða víxilinn. Uppfyllir víxilinn forskilyrði víxillaga? Rökstyðjið allt sem ykkur finnst athugavert við hann.

d) (10%)

Gerið grein fyrir auðgunarreglu víxilréttar.

2. Veðréttindi (25%)

Hvaða heimildir þarf veðsali til að ráðstafa eign með veðsamningi?

3. Þinglýsingar (15%)

Gerið í stuttu máli grein fyrir hugtakinu þinglýsing, tilgangi með þinglýsingu og hvaða áhrif þinglýsing hefur.